

## Blóðug barátta þegar Höttur vann Þór

Skrifað af Körfuboltadeild

Miðvikudagur, 26 Mars 2014 09:27

---

Hann var æði skrautlegur leikurinn þegar við slóum Þór frá Akureyri út í úrslitakeppni 1. deildar. Leikurinn endaði 79-78 fyrir Hött og einvígi liðanna þar með 2-0 fyrir Hetti. Gerald Robinson lenti í samstuði við Bjössa Ben (sem áður lék með Hetti) og fékk skurð á augabrúnina og 7 spor hjá Óttari lækni eftir leik. Þórsarar leiddu megnið af leiknum en okkar menn áttu frábæra endurkomu í 4. leikhluta og kláruðu leikinn og þar með einvígið. Þórsarar reyndu að sækja villu og komast á vítalínuna í sinni lokasókn en góð vörn hjá okkur kom í veg fyrir það. Austurfrétt fjallaði um leikinn: <http://www.austurfrett.is/sport/1631-vidhar-oern-ef-thetta-er-400-metra-hlaup-tha-eru-200-metrar-ef-tir-og-grindur-a-leidhinni>

Við leikum gegn Fjölni eða Breiðabliki í úrslitum en staðan í því einvígi er 1-1. Fyrsti leikurinn fer fram þriðjudaginn 1. apríl en það fer eftir því hver andstæðingurinn verður hvort Höttur fær heimaleikjarrétt.